

Opinber innkaup á Norðurlöndum nema um 10.000 miljörðum ISK á ári. Með réttri nýtingu á svo hárrí fjárhæð má skilvirkt stuðla að bættu umhverfi. Áhersla á umhverfismál getur auk þess aukið verðmætasköpun, lækkað kostnað og leitt til jákvæðari umfjöllunar

góð kaup

Hve mikilvæg eru innkaup fyrir verðmætasköpun hjá þér?

Hvaða virðisauka hefur aukin áhersla á umhverfismál í för með sér?

Og hvað getur þú gert sem stjórnandi?



norden

til sveitarstjórnarmanna og stjórnenda í opinbera geiranum

Norræna ráðherranefndin lét taka bæklinginn saman

Nokkrar staðreyndir

ef tillit er tekið til umhverfismála í opinberum innkaupum stuðlar það að því að draga úr umhverfisvandamálum

Samþykkt á leiðtogafundi Sp um umhverfismál í Jóhannesarborg 2002:

Fundamental changes in the way societies produce and consume are indispensable for achieving global sustainable development. [...] This would include actions at all levels to: [...] Promote public procurement policies that encourage development and diffusion of environmentally sound goods and services

OECD mælir með því:

...that Member countries take greater account of environmental considerations in public procurement of products and services [...] Act C(2002)3

Í norrænu áætluninni um sjálfbæra þróun er lögð áhersla á þetta og ríkisstjórnir allra Norðurlanda gera það líka. Regluverkið um opinber innkaup gefur margs háttar möguleika á því að gera umhverfiskröfur.

Mikilvægustu umhverfismálin í neyslubjóðfélagi nútímans eru:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
- Draga úr losun kemískra efna sem ógna heilsu og umhverfi
- Koma í veg fyrir ofnýtingu auðlinda og takmarka úrgangsmagnið
- Stöðva eyðingu ósonlagsins í háloftunum
- Tryggja líffræðilegan fjölbreytileika (þ.e. fjölda tegunda á jörðinni)

Þess vegna verður við opinber innkaup að leggja áherslu á:

- Notkun hráefna og orku
- Kemísk efni í vörunni
- Mengandi losun
- Magn úrgangs

Kostirnir við að taka tillit til umhverfisins

Ávinningurinn af því að hafa umhverfismál í brennidepli við innkaup er eftirfarandi

- Stuðlar að sjálfbærri þróun
- Jákvæð umfjöllun þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð
- Peningar sparast, t.d. valinn sparneytnari bíll
- Nærumhverfið batnar bæði fyrir starfsmenn og íbúa
- Dregur úr áhættu, bæði hvað snertir umfjöllun og kostnað
- Pólítískri stefnumörkun er fylgt

Hver er staðan fyrir innkaupin?

markmiðum starfseminnar á að ná með skilvirkri nýtingu fjármagns og starfsmanna

Mikilvægustu þættirnir eru starfsfólkið og aðkeypt vara og þjónusta. Slæm kaup geta kostað mikið í krónum og aurum talið en kannski enn meira vegna almennra vonbrigða, minni framleiðni og neikvæðrar umfjöllunar.

Ef allar fjárfestingar og kaup á vöru og þjónustu eru talin með er innkaupakostnaðurinn oft 40-70% af heildarkostnaðinum.

Hefur þú næga yfirsýn yfir innkaupin í starfseminni hjá þér? Leitastu við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hve stór hluti fjárhagsáætlunarinnar fer í innkaup á hverju ári?
- Hvaða stefna og viðmiðanir gilda um innkaupin?
- Hvaða markmið hafa verið sett og hvernig er skýrslugjöf um þau háttáð?
- Hvernig eru innkaupin skipulögð, er hæfni starfsmanna næg?
- Hvaða rammisamningar eru í gildi?
- Er einblínt á kaupverðið eða er tekið tillit til líftímakostnaðarins?

Hvernig má efla umhverfissérstöðuna og tryggja skilvirk innkaup? Góð byrjun er að laga drögin að innkaupastefnu á næstu síðu að eigin starfsemi, fá hana samþykkt og fylgja henni svo eftir.

Tillaga að innkaupastefnu

Hér eru drög að stefnu sem hver og einn getur lagað að eigin starfsemi

1. Forsendur

Stefnan á að byggjast á gildandi lögum, æðri stefnu-
mörkun, umhverfisstjórnunarkerfi, áætlunum o.þ.h.

2. Fyrir hvern?

Þessi innkaupastefna lýtur að starfsmönnum og sölu-
aðilum.

3. Innkaupaaðili, verkefni og hlutverk

Hlutverk innkaupaaðila er að:

- Vera þjónustuaðili sem stuðlar virkt að
verðmætasköpun í starfseminni
- Sjá um að útvega þá vöru, þjónustu, húsnæði og
mannvirki sem þörf er fyrir
- Tryggja að hið keypta stuðli að skilvirkni í rekstri
og verði fjárhagslega sem hagkvæmast til lengri
tíma litið
- Stuðla að því að minnka heildarálagið á umhverfið
frá þeirri vöru og þjónustu sem keypt er og notuð
- tryggja að innkaup séu í samræmi við gildandi lög
og reglur

4. Innkaupaáætlun

Kaupandi á að hafa heildarsýn og ganga út frá áætlun
sem:

- Tekur mið af því hvaða vörur skipta sköpum fyrir
starfsemina
- Tekur mið af því hvaða vöruflokkar gefa bestu færin
á endurbótum
- Skipuleggur hver einstök innkaup á sem skilvirkastan
hátt

5. Siðfræði

Kaupandi á að leggja eftirfarandi siðareglur
til grundvallar:

- Samskipti við söluaðila eiga að einkennast af hrein-
skilni, heiðarleika og trúverðugleika
- Öll framkoma á að vera þannig að ekki sé hægt að
draga heiðarleika og trúverðugleika okkar í efa

6. Meginreglur í innkaupaferlinu

Eftirfarandi meginreglur á að leggja til grundvallar
í innkaupaferlinu:

- Alltaf á að skoða aðra valkosti og reyna að sleppa
kaupunum ef það er hægt
- Kaupandinn og notandinn eiga að vinna saman
að því að greina og sannprófa þörfina
- Alltaf á að leggja mat á heildarsýn við
þarfagreininguna þvert á deildir og til langs tíma
- Verklýsingar og viðmiðunarreglur eiga að vera
málefnalegar og byggjast á hæfnismati
- Fylgja á eftir samningum/vörum í gegnum
rekstrarstigið þar til þær eru teknar úr notkun
- Upplýsa á tilboðsgjafa sem ekki fengu verkið/kaupin
um ástæðu þess að þeir urðu ekki fyrir valinu

7. Viðmiðunarreglur við val á söluaðilum

Eftirfarandi viðmiðunarreglur á að leggja til grundvallar
við val á söluaðilum:

- Við val á söluaðilum skal m.a. miða við reynslu
þeirra, hæfni, tæknigetu, fjárhagsgetu og hvort
þeir hafi kerfi fyrir umhverfis- og gæðastjórnun
- Við val á vöru/lausn skal m.a. taka tillit til líftíma-
kostnaðar, gæða og umhverfiseiginleika

8. Skýrslugjöf

Kaupandi á árlega að skila skýrslu til stjórnenda um
hvernig þessari stefnu hefur verið framfylgt.

Þessi stefnudrög eru aðgengileg í rafrænu formi á
www.norden.org/miljoe/sk/innkjop.asp

Áherslur á Íslandi í vistvænum innkaupum

aðalatriðið er að vistvæn innkaup keppi á viðskiptalegum forsendum

Vistvæn innkaup snúast um að velja þá vöru sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna samanborið við aðrar vörur sem uppfylla sömu þörf og jafnframt bera sama eða lægri líftímakostnað.

„Við innkaup skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Ef vörur eru sambærilegar að öðru leyti ber að velja þá tegund sem telst síður skaðleg umhverfinu“.

Sérstaklega er tekið fram að “Við innkaup á vöru er rétt að athuga hvort hún sé merkt með viðurkenndu umhverfismerki, s.s merki Evrópusambandsins eða norræna umhverfismerkinu Svaninum”

Vistvæn innkaup í framkvæmd

Þróun vistvænna innkaupa á Íslandi er á því stigi að notaðir verða listar um umhverfisskilyrði sem vörur verða að uppfylla. Til þessara lista má vísa við gerð útboðsgagna og eða við aðra framkvæmd innkaupa. Þessir listar eru staðfestir af ríki og sveitarfélögum sem opinber viðmið við innkaup og eru hýstir á vef Umhverfisstofnunar. www.ust.is

Frekari upplýsingar er að finna á

www.rikiskaup.is
www.umhverfisvid.is
www.umhverfisraduneyti.is
www.ust.is
www.umvefur.is
www.samband.is/dagskra21



norden

Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18
DK-1255 København K
www.norden.org

umhverfismál og opinber innkaup
Norræna ráðherranefndin Tét taka bæklinginn saman

